



NÁM ÁN AÐGREININGAR – TÖKUM TIL AÐGERÐA! RÁÐLEGGINGAR LÚXEMBOGAR

Samhengi

Í október 2015 hélt Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, ásamt mennta- og menningarmálaráðuneyti Lúxemborgar, evrópskt fyrirspurnarþing sem bar heitið „Nám án aðgreiningar – Tökum til aðgerða!“. Ráðstefnan var haldin undir lúxemborgskri formennsku ráðs Evrópusambandsins.

Sjötíu og tveimur ungum nemendum frá 28 löndum innan Evrópu, sem sumir þurftu á sérkennslu að halda og/eða áttu við fötlun að

stríða, var boðið tækifæri til að ræða nám án aðgreiningar í skólum sínum og menntastofnunum. Ungu fólkið greindi frá heildaránægju sinni á þeirri kennslu sem það hlaut en tók einnig fram það sem betur mætti fara. Aðstæðurnar sem ungu fólkið greindi frá, sem og tillögur þess, voru teknar saman í texta sem ber heitið *Ráðleggingar Lúxemborgar*.

Þann 23. nóvember 2015 voru *Ráðleggingar Lúxemborgar* kynntar fyrir evrópskum menntamálaráðherrum til íhugunar og til að leggja hornsteininn að frekari aðgerðum. Ráðleggingarnar styðja framkvæmd náms án aðgreiningar sem er talinn besti kosturinn þar sem viðeigandi skilyrði eru fyrir hendi. Þær byggjast á fimm mikilvægum staðreyndum sem ungu fólkið greindi frá.

Ráðleggingar

1. Allt um okkur, með okkur

Þetta á við um beina þátttöku nemenda í allri ákvarðanatöku sem viðkemur þeim:

- Taka skal tillit til þess sem ungu fólkið og fjölskyldur þeirra hafa að segja og hafa það til

hliðsjónar við ákvarðanatöku sem snertir það beint eða óbeint.

- Spyrja skal ungu fólkið um þarfir þess.
- Æskulýðsfélög ættu ávallt að taka þátt.

2. Skólar án hindrana

Þetta á við um fjarlægingu allra líkamlegra og tæknilegra hindrana:

- Þó svo að margar hindranir hafi þegar verið fjarlægðar í skólum er nauðsynlegt að ekkert standi í vegi fyrir því að nemendur komist líkamlega að menntastofnunum, að þær séu auðveldlega aðgengilegar og að nemendur geti komist leiða sinna innan þeirra.
- Við endurbyggingu eða endurnýjun skólabygginga er nauðsynlegt að virða reglur um aðgengileika, svo sem að sjá fyrir fjölnota og/eða kyrrlátum svæðum innan skóla og auka tiltækileika sveigjanlegs kennslubúnaðar.
- Hentug tækniástoð og kennsluefni skulu vera til staðar og vera í samræmi við þarfir hvers og eins.

